

Námsmarkmið námsgreina 10. bekkur

Íslenska 10. bekkur

Tímafjöldi 6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

Hæfniviðmið í íslensku við lok 10. bekkjar:

Efnisþættir:

Talað mál og hlustun:

Að nemandi geti:

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.
- gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.
- nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.
- nýtt sér fjölmiðla og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt

Lestur og bókmenntir:

Að nemandi geti:

- lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi og lesið þá með gagnrýnu hugarfari.
- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi með lestri námsefnis og sjálfvöldu yndislestrarefni.
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.
- kynnist Íslendingasögum, nútímaskáldsögum og ljóðum yngri og eldri höfunda
- beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, sjónarhorn og sögu sviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð. Þekki hugtökin tími, umhverfi, sjónarhorn og persónusköpun.
- notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum. Þekki t.d. hugtökin: rím, stuðla, mynd, líkingar,
- valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.

Ritun:

Að nemandi geto:

- skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar
- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.
- beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu
- valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.
- skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.

Málfræði:

Að nemandi geti:

- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
- gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.
- flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.
- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra. Þekki grunnhugtök í setningafræði; setningahluta, setningar, aðal- og aukasetningar, málsgreinar og efnisgreinar.
- notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gert sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.
- gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Þekkt til helstu framburðarmállýskna. Þekki algengar hljóðbreytingar í íslensku.
- áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt.
- gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.

Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lestur og bókmenntir
- Ritun: Fjölbreytt verkefni þar sem nemendur tjá sig skriflega og rökstyðja skoðanir sínar.
- Málfræði
- Talað mál og hlustun

Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Gísla saga
- Smásögur
- Yndislestur
- Mýrin
- Smáorð: Atviksorð, samtengingar, forsetningar, nafnháttarmerki.
- Ritunarverkefni
- Kvikmyndir/þættir
- Rauntextar af netinu
- Veforðabækur
- Google Classroom

Námsfyrirkomulag

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn og kynning sem kennari sér um.
- Lestur námsefnis.
- Myndbönd
- Vinnubókarvinna
- Umræður, para- og hópavinna.
- Sköpun
- Google Classroom

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur með lestraörðuleika fá stuðning.
 - Read aloud
 - Open dislexic
 - Kami
- Lögð eru fyrir skapandi verkefni við hæfi hvers og eins.

Námsmat

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- Frammistaða og þátttaka í tímum metin.
- Munnlegar og skriflegar umsagnir.

b. Námsþæfni:

- Nemendur taka skrifleg próf í lok hvernar annar.
- Mat lagt á munnleg, verkleg og skrifleg verkefni nemenda.
- Vinnusemi í tímum.
- Þátttaka í umræðum.
- Samvinna, hópavinna.

Stærðfræði 10. bekkur

Tímafjöldi 6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Að auki er einn tími á viku í fjármálafræðslu.

Hæfniviðmið í stærðfræði við lok 10.bekkjara:

Að geta spurt og svarað með stærðfræðinni

Að nemandi geti:

- unnið stærðfræðileg verkefni einn eða með öðrum þar sem hann þarf að útskýra, túlka og rökstyðja hugsun sína með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og nota tungumál stærðfræðinnar.
- sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön.
- leyst stærðfræðiprautir og útskýrt lausn sína fyrir öðrum og lagt mat á niðurstöðuna.
- sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll.
- unnið með einfaldar sannanir um stærðfræðilegar fullyrðingar.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Að nemandi geti:

- notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál.
- rætt um lausnir og nýtt margvísleg hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni.
- sett fram og notað mismunandi framsetningu sama fyrirbæris, hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi.
- lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess.
- tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt.
- valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemandi geti:

- unnið skipulega einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir, alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar.
- lesið og lagt mat á stærðfræðitexta, notað viðeigandi verkfæri s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar.
- tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleyðir, m.a. með notkun upplýsingatækni.
- undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með

stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni.

- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna.
- tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins.
- nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum, m.a. með notkun tölvutæki.
- lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar.
- tileinkað sér vönduð vinnubrögð við uppsetningu og úrvinnslu dæma.

Tölur og reikningur

Að nemandi geti:

- lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar.
- notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum.
- notað sætiskerfisríthátt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann.
- gefið mismunandi dæmi um hlutföll og sýnt greinilegan skilning á sambandi milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- tekið þátt í að þróa lausnaleyðir..
- reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru.
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.
- notað hugtökin ferningstala og ferningsrót og nýtt sér þau í útreikningum.

Algebra

Að nemandi geti:

- rannsakað mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur, notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum.
- unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum.
- fundið frumtölur, þáttað í frumpætti og skráð endurtekna margföldun sem veldi
- leyst brotastæður og brotajöfnur.
- leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur.
- leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð.
- kvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með tveimur óþekktum stærðum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum.
- leyst einfaldar annars stigs jöfnur með þáttun og fundið núllstöðvar.
- þáttað fyrsta og annars stigs stæður.

Rúmfræði og mælingar

Að nemandi geti:

- notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, nýtt einslögungun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna og greina rúmfræðilega hluti.
- sett fram einföld rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta.
- mælt og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál þristrendinga, ferstrendinga, píramída, sívalninga, keilu og kúlu.
- teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum.
- kunnað skil á öllum algengum hugtökum úr hornafræði s.s. hornasumma, grannhorn, topphorn, einslæg horn og úthorn og nýtt þau við útreikninga á hornastærðum.
- útskýrt reglu um hornasummu í marghyrningi.
- reiknað horn út frá þekktum eiginleikum.
- útskýrt setningu Pýþagórasar.
- notað reglu Pýþagórasar til að kanna hvort þríhyrningar eru réttthyrndir og beitt henni við útreikninga á hliðarlengdum í réttthyrndum þríhyrningum.
- notað mælikvarða og fært rök fyrir einslögungun.
- reiknað út hliðar einslaga forma.
- nýtt tölvur til að teikna, rannsaka og setja fram rök um rúmfræðilegar teikningar.
- túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær.
- sett jöfnu beinnar línu fram í hnitakerfi og kunni að lesa úr jöfnunni hallatölu línunnar og skurðpunkt við Y – ás.

Tölfræði og líkindi

- Notað tölfræðihugtök til að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir..
- framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu
- notað einföld líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.
- Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn.
- Skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim.
- Lesið, skilið og lagt mat á upplýsingar um líkindi sem birtar eru á formi tölfræði, t.d. í fjölmiðlum..
- Framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar.

Viðfangsefni í náminu:

Tölur og talnareikningur

- Veldi
- Ferningsrót og ferningstala
- Fjármálafræðsla
- Prósent
- Veldi og ferningsrót
- Frumtölur
- Frumþáttun

- Staðalform
- Rauntölur
- Ræðar tölur
- Óræðar tölur
- Mælieiningar
- Almenn brot
- Tugabrot

Algebra

- Mynstur
- Frumtölur
- Frumþættir
- Veldi
- Staðalform
- Algebrustæður
- Röð reikniaðgerða
- Svigar
- Gildi stæða
- Breyta orðadæmum í stæður
- Einföldun stæða
- Samokareglan
- ferningsreglan
- Þáttun
- Að taka þátt út fyrir sviga
- Að snúa samoka reglunni við
- Að snúa ferningsreglunni við
- Ræðar stæður
- Styttling á ræðum stæðum
- Margföldun og deiling
- Samlagning og frádráttur
- Fyrsta stigs jöfnur
- Jöfnur með nefnum
- Annars stigs jöfnur
- Einfaldar ójöfnur
- Jöfnueppi (teknilausn, innsetningaraðferðin og samlagningaraðferðin)
- Jafna beinnar línu
- Annars stigs jöfnur og fleygbogar

Rúmfræði og mælingar

- Ummál
- Flatarmál
- Rúmmál
- Þrístrendingur
- Ferstrendingur
- Sívalningur
- Píramídi
- Keila
- Rúmfræði og algebra

- Pýþagóras
- Hallatala og skurðpunktur við y ás
- hornasumma, grannhorn, topphorn, einslæg horn og úthorn
- Einslögun

Tölfræði og líkindi

- Líkur
- Samsettar líkur
- Myndrit
- Úrtak
- Háður og óðháður atburður
- Meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi, spönn

Námsgögn:

Skali 3A og B

Almenn stærðfræði 3

Átta-tíu 5 og 6 Valdar blaðsíður

Vinkill

Myndbönd - Studyhax og af Youtube

Þrautir

Vasareiknir

Google sheets

Geogebra

Námsfyrirkomulag:

Hver og einn vinnur á sínum hraða og fær leiðbeiningar og útskýringar hjá kennara jafnóðum. Nemandi fær áætlun hjá kennara til að vinna eftir og ábendingar um myndbönd sem tengjast námsefninu.

Kennari útskýrir hugtök og reglur á töflu og nemendur safna í reglubók.

Nemendur vinna saman við lausn þrauta og önnur verkefni og kynna niðurstöður sínar fyrir samnemendum.

Nemendur vinna einnig heima eða í námstímum til að ljúka við verkefni.

Námsmat:

Lykilhæfni

Nemandi getur tjáð sig munnlega og skriflega um stærðfræðileg efni

Nemandi ber ábyrgð á vinnu sinni og vinnubók

Nemandi ber ábyrgð á námi sínu og fylgir því þeirri áætlun sem honum er sett fyrir

Námshæfni:

Vinnubrögð og afköst í vinnubók metin

Nemendur taka að öllu jöfnu kaflapróf

Nemendur taka próf úr nokkrum grunnatriðum að vori

Enska 10. bekkur

Tímafjöldi 4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

Hæfniviðmið í ensku við lok 10.bekkjara:

Hlustun:

Að nemandi geti:

- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim

Lesskilningur:

Að nemandi:

- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.

Frásögn:

Að nemandi geti:

- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.
- samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Samskipti

Að nemandi geti:

- tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

Ritun:

Að nemandi geti:

- skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.
- skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

Menningarläsi:

Að nemandi geti:

- sýnt fram á að hann átti sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.
- sýnt fram á að hann þekki til siða og hefða í enskumælandi löndum og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu.
- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.

Námshæfni:

Að nemandi geti:

- beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.

Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lestur
- Ritun
- Hlustun
- Talmál
- Málnotkun

Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Spotlight 10, Great Grammar Practice, Bókmenntir(Ákveðið með hliðsjón af samsetningu bekkjar)
- Hlustunarefni
- Ritunarverkefni

- Lesskilningsverkefni
- Kvikmyndir/þættir
- Rauntextar af netinu
- Veforðabækur
- Google Classroom

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn og kynning sem kennari sér um.
- Lestur námsefnis.
- Myndbönd
- Vinnubókarvinna
- Umræður, para- og hópavinna.
- Sköpun
- Google Classroom

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur með lestraörðuleika fá stuðning.
 - Read aloud
 - Open dislexic
 - Kami
 - Read and write
 - Grammarly
- Lögð eru fyrir skapandi verkefni við hæfi hvers og eins.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- Frammistaða og þátttaka í tímum metin.
- Munnlegar og skriflegar umsagnir.

b. Námsþæfni:

- Mat lagt á munnleg, verkleg og skrifleg verkefni nemenda.
- Vinnusemi í tímum.
- Þátttaka í umræðum.
- Samvinna, hópavinna.

Danska 10. bekkur

Tímafjöldi 4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

Hæfniviðmið í dönsku við lok 10.bekkjjar:

Hlustun:

Að nemandi:

- geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins.
- geti fylgt þræði í fjölmiðlaefni og úr heimi dægurmennningar, sagt frá eða unnið út frá því á annan hátt.
- geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur og brugðist við með orðum og athöfnum.

Lesskilningur:

Að nemandi:

- geti skilið megin inntak í stuttum aðgengilegum frásögnum dagblaða tímarita og netmiðla, með stuðningi t.d mynda.
- geti lesið smásögur og skilið nokkuð vel atburðarrásina.
- geti fundið lykilupplýsingar í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- geti lesið sér til gagns og gamans.

Samskipti:

Að nemandi:

- geti tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf, eða við algengar aðstæður eins og t.d í verslun eða á veitingastöðum.
- geti sagt auðveldlega frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- geti greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðning gátlista, tónlistar og mynda.

Frásögn:

Að nemandi:

- geti tjáð sig með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, sagt skoðun sína og brugðist við spurningum.
- geti flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. Einn eða í félagi við aðra.
- geti flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðlaust og af nokkru öryggi.

Ritun:

Að nemandi:

- geti skrifað texta af mismunandi gerðum með stuðning t.d gátlista, bæði formlegan og óformlegan.
- geti ritað nokkuð lipurlega út frá því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- geti samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.
- geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

Menningarlæsi:

Að nemandi:

- sýni fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu.
- geti sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.
- geti greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d hvað er danska, norska, sænska og færeyska.

Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lestur
- Ritun
- Hlustun
- Talmál
- Málnotkun

Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ekko lesbók og vinnubók
- Hlustunarefni
- Ritunarverkefni
- Kvikmyndir/þættir
- Rauntextar af netinu
- Veforðabækur
- Google Classroom

Námsfyrirkomulag

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn og kynning sem kennari sér um.
- Lestur námsefnis.
- Myndbönd
- Vinnubókarvinna
- Umræður, para- og hópavinna.
- Sköpun
- Google Classroom

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur með lestraörðuleika fá stuðning.
 - Read aloud
 - Open dislexic
 - Kami
- Lögð eru fyrir skapandi verkefni við hæfi hvers og eins.

Námsmat

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

Að nemandi geti notað fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni.

Að nemandi geti nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga til stuðnings í námi sínu, einn og í samvinnu við aðra.

Öll verkefni á Google Classroom eru metin út frá hæfnitöflu (rubrics).

Frammistaða og þátttaka í tímum metin.

Munnlegar og skriflegar umsagnir.

b. Náms hæfni:

Mat lagt á munnlegar kynningar.

Verkleg og skrifleg verkefni nemenda á Google Classroom.

Vinnusemi í tímum.

Samvinna, hópavinna.

Þátttaka í umræðum.

Samfélagsfræði 10. bekkur

Tímafjöldi 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

Hæfniviðmið í samfélagsfræði við lok 10. bekkjar:

Efnisþættir:

Þjóðfélagsfræði:

Að nemandi geti:

- hugleitt hver hann er í augum sjálfs sín og annarra.
- skoðað hvort fjölskyldan skiptir minna máli á þessum aldri en áður.
- rökrætt hvort sjálfsmynd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur t.d. í systkinahópi, í bekknum með hinu kyninu, í útlöndum o.fl.
- þekkt staðalmyndir.
- kannað hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum.
- kynnt sér stjórnkerfi og hugleitt það.
- þekki hugtökin lýðræði, lýðveldi, einræði, alræði, konungsveldi og geti sett í sögulegt samhengi.
- hugleitt og skilgreint hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi.
- þekkt að einhverju leyti alþjóðastarf og helstu stofnanir.
- metið möguleika Íslands í Evrópusamstarfi með hliðsjón af nokkrum þáttum.
- þekkt hlutverk Íslands í Alþjóðakerfinu.
- fjallað um valin málefni sem rætt er um í fjölmiðlum.
- greint hvernig stjórnsmál og samfélag tengjast lífi hans sjálfs.

Reynsluheimur

Að nemandi geti:

- ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnsmála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.
- sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
- sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga,
- fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.
- rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn
- útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnsmál, atvinnulíf og hugmyndastefnur.
- greint hvernig stjórnsmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.

- tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði,

Hugarheimur

Að nemandi geti:

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.
- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi.
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.

Félagsheimur

Að nemandi geti:

- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausn og réttisýnan hátt.
- fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.

Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Á ferð um samfélagið
- Heimildabættir
- Rauntexar af netinu
- Annað efni sem tengist viðfangsefninu

Námsfyrirkomulag

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn og kynning sem kennari sér um.
- Lestur námsefnis.
- Myndbönd
- Netleiðangur

- Vinnubókarvinna
- Umræður, para- og hópavinna.
- Sköpun
- Google Classroom

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur með lestraörðuleika fá stuðning.
 - Read aloud
 - Open dislexic
 - Kami
- Lögð eru fyrir skapandi verkefni við hæfi hvers og eins.

Námsmat

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

Frammistaða og þátttaka í tímum metin.
Munnlegar og skriflegar umsagnir.

b. Námsþæfni:

Nemendur taka skrifleg próf í lok hvernar annar.
Mat lagt á munnleg, verkleg og skrifleg verkefni nemenda.
Vinnusemi í tímum.
Þátttaka í umræðum.
Samvinna, hópavinna.

Náttúrufræði 10. bekkur

Tímafjöldi: 4 tímar (40 mín. kennslustundir að jafnaði heilt skólaár)

Lykilhæfni:

Að nemandi geti:

- notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni.
- tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu.
- tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri.

Hæfniviðmið / matsviðmið:

Nemendur eiga að:

- þekkja eðlisfræðihugtök eins og frumeindir, samsætur, ljós og geislun.
- þekkja innri gerð frumeinda og frumeindakennninguna.
- þekkja helstu hliðar geislavirkni.
- skilja hvernig rafmagn virkar.
- skilja hvernig hljóð og hljóðbylgjur virka.
- skilja hvernig ljós og ljósbylgjur virka.
- þekkja gerð sólkerfisins og eiginleika sólarinnar og reikistjarnanna. Þekkja muninn á smástirnum, loftsteinum, hrapsteinum, reikisteinum og halastjörnum.
- þekkja vísindabyltinguna og helstu frumkvöðla hennar.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

- Innlögn kennara
- Verkefnavinna
- Vinnubókarvinna
- Umræður
- Samvinna

Námsgögn og kennsluefni:

- Eðlisfræði 1, 2 og 3
- Heimildaefni, greinar
- Heimildaefni, sjónrænt efni
- Google Classroom

Námsmat:

- Vinna í tímum
- Vinnubók
- Hlutapróf
- Annarpróf
- Þátttaka í umræðum

Lífsleikni 8. – 10. bekkur

Mannrækt - skerputímar - kynfræðsla - námskeiðið hugsað um barn - fjármálafræðsla og MEST (tímarnir menntun og störf)

Við í Tjarnarskóla notum heitin; mannræktartímar, skerputímar, fjármálafræðsla, kynfræðslutímar og tímana „menntun og störf“ (MEST) um þær kennslustundir þar sem svo nefnd lífsleikni hefur verið á dagskrá. Einnig fá 10.bekkingar og foreldrar þeirra námskeiðið Hugsað um barn, þar sem nemendur annast sýndar barn í 3 sólarhringa. Allt frá stofnun skólans 1985 hefur *mannrækt* verið inni á stundaskrá nemenda (talsvert mörgum árum áður en lífsleikni var sett inn í aðalnámskrá grunnskóla).

Mannrækt í 8. bekk 1 kennslustund (40 mín) á viku, allt skólaárið.

Hæfniviðið:

Að nemandi:

- átti sig á að einstaklingar eru stöðugt að miðla tilfinningum sín á milli og láta þannig í ljós líðan sína og hugarástand
- öðlist skilning á að einstaklingar geta upplifað og túlkað áreiti í umhverfinu með ólíkum hætti
- læri að skilja hvernig fjölmiðlar skapa lífsstíl sem endurspeglast meðal annars í tilteknum kynhlutverkum og líkamsfyrirmyndum
- geri sér grein fyrir hlutverki laga og reglna í persónulegum og ópersónulegum samskiptum einstaklinga, t.d. innan fjölskyldu, í skóla, á vinnustað og á milli einstaklinga af ólíku þjóðerni
- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi
- læri að veða og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt til að geta sett sér persónuleg markmið
- geti fundið lausnir á margvíslegum úrlausnarefnum sem upp kunna að koma í daglegu lífi
- verði meðvitaður um rétt sinn til að halda draumum sínum og skoðunum fyrir sjálfan sig og rækta lífsgildi á eigin forsendum
- öðlist færni í ópersónulegum samskiptum
- viti um námstilboð skólans fyrir 9. og 10. bekk og hvert hann geti leitað eftir ráðgjöf um námsval og læri að nýta sér upplýsingatækni í því skyni
- þekki ýmis lög og reglur sem taka til samskipta manna
- geri sér grein fyrir gildi virkrar þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi
- þekki reglur og viðbrögð almannavarna varðandi náttúruhamfarir og hættuástand
- þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- geti rætt um þætti sem kunna að stuðla að velferð þjóðarinnar og alls mannkyns
- geti metið hvaða skyldur og ábyrgð hann ber gagnvart samborgurum sínum og efli með sér borgaravitund
- þekki grundvallaratriði skyndihjálpar
- þekki sjálfan sig, eigin styrkleika og veikleika og sé fær um að taka góðar ákvarðanir í lífsins ólgusjó.

- horfist í augu við að hver og einn er einstakur og virði þá staðreynd.
- kynnist þeim þáttum í skólanum sem stuðla að öryggi þeirra sjálfra með því að þekkja viðbrögð við eldsvoða og jarðskjálftum og fái þjálfun í að rýma skólahúsnæðið ef hættu ber að höndum.
- fái leiðbeiningar um góða námshætti og námstækni og tileinki sér slík vinnubrögð.
- fái þjálfun í að ræða tilfinningar og hvernig við bregðumst við þeim og þroskumst með tímanum.
- skoði einkenni góðrar sjálfsmyndar og hvernig hægt er að styrkja hana í ölduróti unglingsáranna.
- tileinki sér góð samskipti og hvað einkennir þau um leið og þau fræðist um einkenni eineltis og alvarleika þess og afleiðingar.
- verði meðvitaðir um gildi vináttu, að hugsa jákvætt, að vera heilsteiptur einstaklingur og um afleiðingar baktals.
- geri sér grein fyrir gildi góðra lífsvenja; s.s. góðs nætursvefns, mataræðis og hreyfingar og að eiga áhugamál sem efla og kæta.
- fái góð ráð um örugga netnotkun.
- leiti sameiginlega að þáttum sem geta stuðlað að vellíðan, bæði í skóla og heima.
- kynnist og taki þátt í umræðum um jafnrétti og vinna verkefni í tengslum við efnið.
- meti sjálfir eigin líðan með því að taka þátt í viðhorfskönnunum
- hjálpist að við að huga að vellíðan annarra í bekknum/skólanum.
- taki þátt í hjálparstarfi.
- kynnist ólíkum tegundum greindar og að hæfileikar þurfa ekki endilega að birtast í hefðbundnu skólasterfi.
- ræði tilfallandi málefni í þjóðfélaginu sem tengjast viðfangsefnum mannræktartímanna, s.s. umræðu um einelti, öryggi, kynbundið ofbeldi og fleira í þeim dúr.

Mannrækt / kynfræðsla í 9. bekk 2 kennslustundir á viku, hálf t skólaárið.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- rifji upp þá þætti í skólanum sem stuðla að öryggi þeirra sjálfra með því að þekkja viðbrögð við eldsvoða og jarðskjálftum og fái þjálfun í að rýma skólahúsnæðið ef hættu ber að höndum.
- fái leiðbeiningar um góða námshætti og námstækni og tileinki sér slík vinnubrögð.
- fræðist um andlegar breytingar unglingsáranna í takt við þær líkamlegu.
- efla umræðuna um góða sjálfmynd og hvernig hægt er að styrkja hana.
- skoði betur gildi vináttunnar en um leið hræðsluna að vera ekki „í hópnum“ og helstu leiðir og mistök sem eru gerð í leitinni að vinum/vinkonum.
- ræði og auki skilning sinn á hve trúnaður er mikilvægur í samskiptum, en ekki skiptimynt í vina/félagaleit.
- fræðist um afleiðingar baktals og hvernig á að forðast það.
- verði upplýstari um hvað felst í orðum eins og kynhvöt og kynhneigð og kynhegðun.
- taki þátt í umfjöllun um ást og kynlíf og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í þessu samhengi.

- fá skýr dæmi um hvernig hver einstaklingur þarf að setja sér og öðrum mörk í nánari samskiptum en áður, þ.e. þegar kynhvötin og nýjar tilfinningar fara að láta á sér kræla.
- fá fræðslu og læri að þekkja muninn að kynlífi og klámi og hvaða viðvörunarmerki þurfi að þekkja um hið síðar nefnda sem getur leitt af sér ofbeldi; læri mikilvægi þess að „fá já“.
- læri að bera virðingu fyrir eigin einkastöðum og hvernig bregðast eigi við ef tilraun er gerð til þess að stíga yfir eðlileg mörk á því sviði (kynferðislegt ofbeldi í hvaða mynd sem er).
- kynnist hvaða viðbrögð eigi að sýna ef vitneskja um kynferðislegt ofbeldi er til staðar og hvernig hægt er að leita sér/öðrum hjálpar.
- verði meðvitaðri um áhrif Netsins á hugmyndir fólks um hvar eigi að setja mörk, eða þykja eðlilegt.
- styrki meðvitund sína um að kynlíf eigi að veita ánægju en ekki öfugt.
- skoði einkenni góðrar sjálfsmyndar og hvernig hægt er að styrkja hana í ölduróti unglingsáranna.
- tileinki sér góð samskipti og hvað einkennir þau um leið og þau fræðist um einkenni eineltis og alvarleika þess og afleiðingar.
- verði meðvitaðir um gildi vináttu, að hugsa jákvætt, að vera heilsteyptur einstaklingur um afleiðingar baktals.
- geri sér grein fyrir gildi góðra lífsvenja; s.s. góðs nætursvefns, mataræðis og hreyfingar og að eiga áhugamál sem efla og kæta.
- fá góð ráð um örugga netnotkun.
- ræði tilfallandi málefni í þjóðfélaginu sem tengjast viðfangsefnum mannræktartímanna, s.s. umræðu um einelti, öryggi, kynbundið ofbeldi og fleira í þeim dúr.
- styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín gegn óæskilegu áreiti og misbeitingu .
- læri að vega og meta hvort einhver samskipti og hegðun falli utan þess ramma sem lög og reglur setja.
- skynji félagslegar aðstæður til að geta metið hvort og hvernig hann gerist þátttakandi í þeim, t.d. að standast þrýsting til að gera eitthvað gegn betri vitund.
- sé meðvitaður um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæm virðing og persónuréttur eru helstu mælikvarðar á siðferði og kynhegðun hvers og eins.
- geti beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.

Skerpa í 8. bekk 1 kennslustund á viku, allt skólaárið.

9. bekkur 2 kennslustundir á viku að jafnaði hálf t skólaár.

10. bekkur 1 kennslustund á viku, allt skólaárið.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- geti sýnt ábyrga hegðun í ferðum á vegum skólans.
- þekki almennar umferðarreglur og umferðarmerki og nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni.
- hafi tileinkað sér ábyrg sjónarmið og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins.
- þekki til ýmissa laga og reglna sem stuðla eiga að verndun umhverfis, mannvirkja og náttúru.
- öðlist tækifæri til að njóta menningar og lista.
- geti metið hvaða skyldur og ábyrgð hann ber gagnvart samborgurum sínum og efli með sér borgaravitund.
- öðlist tækifæri til að njóta útiveru í íslenskri náttúru.
- öðlist færni í ritvinnslu.
- geti beitt rétttri fingrasetningu..

Fjármálafræðsla í 10. bekk; 1 kennslustund á viku, allt skólaárið.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- geti gert eigin áætlun um sparnað og ávöxtun.
- geti gert kostnaðarreikning um fastar greiðslur heimila.
- sé meðvitaður um félagslega og siðferðilega ábyrgð sem neytandi..
- geti útskýrt mun einkarekstrar og opinbers rekstrar
- kunni skil á einföldum launaseðlum og skilji reikningsyfirlit.
- geti reiknað kostnað vegna afborgana.
- þekki ýmsar sparnaðar- og ávöxtunarleiðir.
- geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsing.
- geti nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir. raunverulegum fyrirbrigðum, m.a. með notkun tölvutækni og gert sér grein fyrir hvenær slíkt er gagnlegt og við hæfi.
- geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- efli þekkingu sína í fjármálalæsi, mikilvægi þess að skipuleggja tímann sinn og velja góðan lífsstíl og kynnist þeirri ábyrgð sem fylgir framhaldsskólaárum og fullorðinsárum.

Menntun og störf (MEST) í 10. bekk; 2 kennslustundir á viku allt skólaárið.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- sé meðvitaður um jafnréttis- og mannréttindahugsjónir sem leiðarljós í öllum samskiptum
- geti sett sér raunhæf markmið til að stefna að í lífinu í samræmi við eigin styrkleika og áhuga
- meti á sjálfstæðan hátt eigin lífsgildi og lífsstíl óháð fyrirmyndum og staðalmyndum samfélagsins
- öðlist skilning á atvinnulífinu í samhengi við námsleiðir og starfsval
- nýti ráðgjöf um náms- og starfsleiðir
- geti greint og rökrætt áhrifamátt auglýsinga og gert sér grein fyrir óbeinum áróðri fjölmiðla
- geti beitt skipulegum vinnubrögðum við uppsetningu og ritun á skýrslum, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- þekki réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði
- geti greint frá hlutverki löggjafarvalds, dómsvalds og framkvæmdavalds
- sé meðvitaður um gildi löggæslu til að halda uppi lögum og reglu
- þekki helstu stofnanir sem þjóna landsmönnum
- geti nýtt sér helstu fjölmiðla og lagt mat á fréttáflutning
- geri sér grein fyrir hvað felst í orðinu borgaravitund og lýðræði

Hugsað um barn í 10.bekk; námskeið í þrjá daga.

Hæfniviðmið:

Að nemandi: .

- verði meðvitaður um hlutverk fjölskyldunnar og þátt hennar í að móta og styrkja sjálfsmynd og lífsviðhorf einstaklinga
- sé meðvitaður um ábyrgð og leiðsögn foreldra í uppeldishlutverkinu
- geto útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun,
- geti útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu
- geti útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra
- geti sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs
- geti greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða,

- getio gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess
- geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar, vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt
- geti rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund,
- átti sig á að við upphaf æviskeiðs og lok þess þurfa allir mikla ummönnun.
- mikilvægi þess að geta lagt sínar eigin þarfir til hliðar tímabundið til þess að hlúa að þörfum annarra
- sé vakinn til umhugsunar um afleiðingar kynlífs og hvaða áhrif barneign geti haft
- kynnist þeirri ábyrgð sem fylgir því að annast ungbarn
- mikilvægi þess að fá stuðning í uppeldishlutverkinu
- skapa samtál að milli unglinga og foreldra um um kynlíf og heilbriggt lífverni og jafnrétti kynjanna
- átti sig á mikilvægi þess að forðast áfengi og vímuefni í tengslum við barnseignir
- upplifi þá ábyrgð að þurfa að sinna „ungbarni“, jafnt á nóttu sem degi og kynnast því hvað góður svefn er mikilvægur í daglegu lífi.

Námsgögn:

- Vinnuheftið Ertu?, Þú ert klárari en þú heldur, ýmis verkefni frá kennara, myndbönd og efni á veraldarvefnum, Um stelpur og stráka
- Fyrstu skref í fjármálum, verkefni og myndbönd af vefnum fjarmalavit.is og ýmis verkefni frá kennara.
- Stoðkennarinn, æfingar í vélritun ásamt stöðuprófum og ýmsum æfingum frá kennara.
- Fyrirlestur og námskeið frá Ólafi Grétari Gunnarssyni um ummönnun ungbarna, uppeldi og ábyrgð foreldra.
- Fyrirlestrar hjúkrunarfræðings um kynheilbrigðið, kynlíf og kynhegðun.
- Fyrirlestrar námsráðgjafa í Menntun og störf
- Heimsóknir í framhaldsskóla
- Gestafyrirlesarar og heimsóknir á skólatíma.
- Safnfræðsla á söfnum borgarinnar.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Námsmat:

Nemendur taka þátt í umræðum, vinna verkefni, taka þátt í rýmisæfingum, fá gesti í kennslustundir, heimsækja framhaldsskóla, svara viðhorfskönnunum, koma með tillögur um skólastarf eða samskipti í bekknum, horfa á myndbönd og annað efni á Netinu sem styðja viðfangsefni í kennslustundum.

Skólaípróttir 8. – 10. bekkur

Tímafjöldi 3 tímar (40 mín. kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

Efnisþættir:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta:

Að nemandi geti:

- gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol.
- tekið þátt í hópípróttum, einstaklingsípróttum og heilsurækt innan og utan skólans.
- sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.
- nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.
- gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu, sýnt útfræslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman, gert rytmískar æfingar og fylgt takti.
- sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringustundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafundi auk þess að geta troðið marvaða.

Félagslegir þættir

Að nemandi geti:

- skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsgaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillisemi í tengslum við góðan árangur í ípróttum.
- þekkt mismundandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíprótt.
- rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar einelti og tekið virka afstöðu gegn orbeldi.

Heilsa og efling þekkingar

Að nemandi geti:

- skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamann og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.
- vitað hvaða hlutverk heldstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
- notað mælingar með mismundandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.
- rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra.
- sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í ípróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.
- tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
- útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum ípróttum.
- sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu.
- sýnt ábyrgð í útivist, skýrt tákn korta, tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti.

Öryggis- og skipulagsreglur

Að nemandi geti:

- tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalds. Bjargað jafningja á björgunarsundi.

Námsfyrirkomulag

Kennsla fer að mestu fram í íþróttahúsi Kvinnaskólans (í gamla Miðbæjarskólanum). Kennnt útivið þegar veður leyfir.

Námsefnið kennt í æfinga- og leikjaformi, bæði í gegnum einstaklingsæfingar, stöðvar og hópleiki.

Nemendur vinna að sömu markmiðum en kennslan er að vissu marki einstaklingsmiðuð og stærð hópa gefur kennara svigrúm til þess að nemendur geti unnið á mismunandi hátt eftir þörfum hvers og eins.

Námsmat

Verklegr próf

Þátttaka í tímum og vinnuframlag

Framkoma og hegðun í tímum.